

# Fardagar Fjarmentaskólans

Verkefni 2016-17

## Lokaskýrsla

## Inngangur

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra fékk styrk árið 2016 til að leiða verkefnið „Fardagar fjarmenntaskólans“ skólaárið 2016-17. Áfangastjórar fjarmenntaskólanna hófu undirbúningsvinnu í september 2016 og unnu að honum í samstarfi við stjórnendur og kennara á haustönn 2016 og vorönn 2017. Fardagar voru svo haldnir í tilraunaskyni í mars 2017 en þá fóru nemendur og kennarar á milli skóla í n.k. vinnubúðir. Verkefnið tókst vel og er það von skólanna að framhald verði á því.

## Fjarmentaskólarnir

Fjarmentaskólinn er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta.

Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Upplýsingar um það er best að nálgast hjá hverjum skóla.

### Samstarfsskólarnir eru:

- Fjölbrautaskóli Vesturlands – FVA
- Menntaskóli Borgarfjarðar – MB
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga – FSN
- Menntaskólinn á Ísafirði – MÍ
- Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra – FNV
- Menntaskólinn á Tröllaskaga – MTR
- Framhaldsskólinn á Húsavík – FSH
- Framhaldsskólinn á Laugum – Laugar
- Menntaskólinn á Egilsstöðum – ME
- Verkmenntaskóli Austurlands – VA
- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu – FAS
- Menntaskólinn að Laugarvatni – ML
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum – FÍV

Auk þessara skóla tók Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað þátt í verkefninu með því að bjóða upp á smíðjur.

## Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að fjölga tækifærum nemenda á landsbyggðinni til frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar. Fjarmentaskólarnir búa yfir góðri þekkingu, tækjabúnaði og mannauði sem hentar vel til kennslu í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Marmið verkefnisins var að nýta þennan auð. Samstarfsskólarnir eru litlir og hver um sig hafði ekki bolmagn til að bjóða upp á nám í nýsköpun eða frumkvöðlastarfsemi nema að litlu leyti. Markmið verkefnisins var að bjóða upp á fjölbreyttara nám víða um land sem myndi styrkja enn betur nám landsbyggðarnema í heimabyggð.

Í umsókn voru sett fram eftirfarandi markmið:

**Markmið 1:** Verkefnið miðar að því að skólaárið 2017 – 2018 verði í fyrsta sinn haldnir „Fardagar Fjarmentaskólans“, þar sem nemendur og kennarar samstarfsskólanna fari í n.k. vinnubúðir til umsóknarskólanna.

**Markmið 2:** Á Fardögum muni nemendur fá tækifæri til að vinna að nýsköpun sinni með viðeigandi tækjabúnaði og fá innsýn í þá möguleika sem eru í boði í frumkvöðlamennt og sköpun.

**Markmið 3:** Áfangi í frumkvöðlamennt og nýsköpun verði kenndur í hverjum skóla fyrir sig, þar sem nemendur vinna að undirbúningi og skipulagningu þeirra verkefna sem þeir vilja standa fyrir eða skapa á Fardögum. Hugmyndavinna og úrvinnslan fari því fram í heimaskóla en framleiðsla eða sköpun fari fram á Fardögum.

## Framkvæmd

Á haustönn 2016 og vorönn 2017 störfuðu áfangastjórar fjarmenntaskólanna að undirbúningi fardaganna. Fundir voru vikulega. Jafnframt unnu áfangastjórar að undirbúningi fardaganna með því að vinna með fólki í heimaskólum. Undirbúningur var meðal annars fólgin í að

- Ákveða vinnustofur
- Ákveða tímaramma
- Vinna lýsingar á vinnustofum/námskeiðum
- Miðla upplýsingum
- Kynna og auglýsa vinnustofur í boði

Fardagar Fjarmenntaskólanna voru haldnir í fyrsta sinn í tilraunaskyni í mars 2017. Fardagar fóru fram með þeim hætti að nemendur og kennarar fóru í n.k. vinnubúðir milli skóla. Nemendur fengu tækifæri til að vinna með nýsköpun með viðeigandi tækjabúnaði og fengu innsýn inn í þá möguleika sem eru í boði í frumkvöðlamennt og sköpun.

### **Dæmi um vinnustofur:**

Fablab

Sýndarveruleiki

Kvikmyndagerð

Vinna með listamönnum

Málmsmíði með hátækni

## Niðurstöður og mat

Eftirfarandi er mat á því hvernig tókst að ná markmiðum:

**Markmið 1:** Verkefnið miðar að því að skólaárið 2017 – 2018 verði í fyrsta sinn haldnir

„Fardagar Fjarmentaskólans“, þar sem nemendur og kennarar samstarfsskólanna fari í n.k. vinnubúðir til umsóknarskólanna.

**Mat:** Endanlegt mat á þessu markmiði verður ekki ljóst fyrr en skólaárinu 2017-18 er lokið.

Þó má segja að verkefnið hafi verið á undan áætlun því fardagar voru haldnir í fyrsta sinn á vorönn 2017, þ.e. á skólaárinu 2016-17. Á fardögum fóru nemendur og kennarar í vinnubúðir umsóknarskólanna. **Dæmi um vinnustofur:** Fablab, Sýndarveruleiki, Kvikmyndagerð, Vinna með listamönnum og Málmsmíði með hátækni.

**Markmið 2:** Á Fardögum muni nemendur fá tækifæri til að vinna að nýsköpun sinni með viðeigandi tækjabúnaði og fá innsýn í þá möguleika sem eru í boði í frumkvöðlamennt og sköpun.

**Mat:** Sem fyrr segir er skólaárið 2017-18 ekki liðið en verkefnið var á undan áætlun og nemendur fengu tækifæri til að vinna að nýsköpun með ýmsum tækjabúnaði, m.a. í málmtækni, fablab tækjum og sýndarveruleikabúnaði.

**Markmið 3:** Áfangi í frumkvöðlamennt og nýsköpun verði kenndur í hverjum skóla fyrir sig, þar sem nemendur vinna að undirbúningi og skipulagningu þeirra verkefna sem þeir vilja standa fyrir eða skapa á Fardögum. Hugmyndavinna og úrvinnslan fari því fram í heimaskóla en framleiðsla eða sköpun fari fram á Fardögum.

**Mat:** Þetta markmið hefur ekki náðst enn að fullu þegar þessi skýrsla er skrifuð. Þó hafa sumir umsóknarskólanna kennt áfanga í frumkvöðlamennt og nýsköpun. Útfærslan á fardögum vor 2017 varð sú að hugmyndavinna og úrvinnsla fór fram á Fardögum sjálfum.

Almennt var ánægja meðal áfangastjóra með verkefnið en þó má gera betur. Það sem helst má laga er að huga betur að móttöku og utanumhald um nemendur sem heimsækja skóla. Æskilegt er að kennari fylgi nemendahópi.

## Lokaorð

Verkefnið Fardagar fjarmenntaskólanna tókst vel og jók tækifæri nemenda til að þróa hæfileika sína á sviði nýsköpunar.

Sauðárkróki 5. desember 2017



Ingileif Oddsdóttir

Skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra



